

Aðalfundur Rauða krossins 21. maí 2016

Aðalfundur hófst kl. 9.07 með setningu formanns Sveins Kristinssonar.

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri Reykjavíkur, flutti ávarp.

Sveinn Kristinsson veitti tveimur sjálfboðaliðum viðurkenningu fyrir framúrskarandi sjálfboðið starf í þágu Rauða krossins; Hermanni Einarssyni Rauða krossinum í Vestmannaeyjum og Jóni Guðmund Knutsen Rauða krossinum við Eyjafjörð.

1. Stjórnin athugaði kjörbréf fulltrúa deilda og lagði fram til úrskurðar fundarins. Mættir voru 102 kjörnir fulltrúar frá 41 deild. Fosshótel taldi 144 þátttakendur á fundinum.
2. Fundarstjóri kosinn Jóhannes Rúnar Jóhannsson hrl og tók hann við stjórn fundar. Fundarstjóri úrskurðaði um lögmati fundarins.
3. Fundarritarar kosnir Jóhanna Róbertsdóttir og Ingibjörg Eggertsdóttir, verkefnisstjórar deildapjónustu.
4. Fundargerð aðalfundar 17. maí 2014 lögð fram til umræðu og **samþykkt samhljóða**.
5. Sveinn Kristinsson flutti skýrslu stjórnar um starf Rauða krossins á Íslandi tvö síðastliðin ár og var hún lögð fram til umræðu. Til máls tóku Jón Guðmundsson Seyðisfjarðardeild og Árni Gunnarsson Reykjavíkurdeild.
6. Endurskoðaðir reikningar tveggja síðustu ára til afgreiðslu – Hrund Snorradóttir kynnti og lagði fram til umræðu og atkvæðagreiðslu. Til máls tóku: Stefán Yngvasson Reykjavíkurdeild, David Lynch Kópavogsdeild og Jón Guðmundsson Seyðisfjarðardeild. **Reikningarnir voru samþykktir samhljóða**.
7. Tillaga stjórnar að breytingum á stefnu 2020. Sveinn Kristinsson kynnti:

- Alls staðar skal standa **Rauði krossinn á Íslandi** í stað **Rauði kross Íslands**.
- Í **Leiðarljósi** skal bæta við einum þætti undir **stoðinni Mannúð og félagslegt öryggi**. Á eftir **Málsvarastarf** komi: **Innflytjendur, flóttafólk og hælisleitendur**.
- Undir kaflanum um **Mannúð og félagslegt öryggi** komi undirliður við **Langtímaverkefni í alþjóðlegu hjálparstarfi**: Rauði krossinn á Íslandi vinnur að málefnum flóttafólks og farenta í virku samstarfi við systurfélög sín. Rauði krossinn er málsvari flóttafólks með það að leiðarljósi að auka umburðarlyndi, vinna gegn kynþáttafordómum, útlendingaótta og félagslegri útskúfun.

Til máls tóku: Hrefna Magnúsdóttir Ísafjarðardeild, Sævör Þorvarðardóttir Grundarfjarðardeild og Bea Meijer Eskifjarðardeild. **Tillögur þessar voru samþykktar með meirihluta (tveir á móti)**.

8. Tillögur stjórnar um markmið, áætlanir og forgangsröðun verkefna Rauða krossins til 2018. Kristín S. Hjálmtýsdóttir, framkvæmdastjóri, kynnti. Forgangsröðun verkefna verða sem hér segir:

- Öflug sjálfboðaliðaverkefni í nærsamfélaginu
- Neyðarvarnir
- Málsvarastarf
- Flóttafólk og hælisleitendur
- Alþjóðlegt hjálpar- og mannúðarstarf
- Heitstrengingar Rauða krossins á Íslandi og stjórnvalda til 2019

- Fjáröflun og sýnileiki

Til máls tók Þóra Kristín Ásgeirsdóttir Hafnarfjarðar- og Garðabæjardeild.

9. Tillaga stjórnar um skiptingu tekna milli verkefna og deilda næstu tvö ár sbr. 12. gr., 1. og 2. mgr.

Fundarstjóri bar fram dagskrártillögu þess efnis að þessi liður færðist aftur fyrir afgreiðslu lagabreytinganna. Það var samþykkt samhljóða.

10. Ákvörðun árgjalds.

- „Stjórn Rauða krossins á Íslandi gerir það að tillögu sinni að árgjald félagsins fyrir árið 2017 verði kr. 3.100,- og fyrir árið 2018 kr. 3.500,-.“ Breytingartillaga barst frá Jóni Guðmundssyni Seyðisfjarðardeild (ekki skrifleg) um minni hækkun, (2.900 árið 2017 og 3.000 árið 2018) en það var ekki samþykkt. Til máls tóku auk Jóns Guðmundssonar, Hilmar Bergmann Mosfellsbæjardeild og Bea Meijer Eskifjarðardeild. **Tillaga stjórnar var samþykkt.**

Helga Halldórsdóttir, verkefnisstjóri fjáröflunar, kom utan dagskrár og kynnti erfðafjárgjafir.

11. Lagabreytingar. Ragna Árnadóttir kynnti. Tillögurnar voru teknar fyrir samhliða frá stjórn og laganefnd og teknar í þeirri röð sem þær eru í lögnum.

Tillögur að lagabreytingum frá stjórn félagsins:

- Breytingar á 7. gr. sem hér segir

1. 1. og 2. málsliður 12. töluliður 7. gr. orðast svo

„Til að breyta 16.-26. gr. laga þessa þarf einfaldan meirihluta **greiddra** atkvæða.

Til að breyta öðrum greinum þarf tvo þriðju hluta **greiddra** atkvæða auk þess sem...“

Umræður um þessa tillögu og tillögu laganefndar voru ræddar samhliða. Til máls tóku

um þær tillögur: Hilmar Bergmann Mosfellsbæjardeild, Ólafur Valgeirsson

Vopnafjarðardeild, Geir Jón Þórisson Vestmannaeyjadeild, Ingibjörg Óskarsdóttir

Akranesdeild og Markús Már Efram Sigurðsson Hafnarfjarðar- og Garðabæjardeild.

Samþykkt með miklum meirihluta greiddra atkvæða.

- Bætt verði við 7. gr. 12. lið. Færist því 12. og 13. liður og verður 13. og 14. liður:

„Í fundargerð aðalfundar skal færa dagskrárliði, stuttar lýsingar á efni þeirra, hverjir tóku til máls, frambornar tillögur, samþykktir fundarins og afgreiðslu mála. Ummæli og umræður eru ekki færðar í fundargerð en fundurinn skal hljóðritaður og upptakan gerð aðgengileg á vef Rauða krossins. Fundargerðin skal send út eigi síðar en tveim vikum eftir aðalfund.“

Samþykkt samhljóða.

- Breyting á 7. gr. 13. lið (sem er nú orðinn 14. liður)

„... einn þriðji hluti deilda... verði:... einn fjórði hluti deilda...“

Samþykkt samhljóða.

- Breyting á 13. gr. 3. lið

1. „Að tekið verði út „...Hver deild getur ekki fengið meira en sem nemur fjórðungi (25%) að heildarfjárhæð sjóðsins...“

Breytingatillaga frá Mosfellsbæjardeild, Hilmar Bergmann kynnti: *Í stað þess að ákvæði um hámarksúthlutun til einnar deildar af heildarfjárhæð Verkefnasjóðs í fyrstu úthlutun verður felld út, þá verði hámarkið hækkað í 33%. Breytt ákvæði hljóði þannig: „Hver deild getur ekki fengið meira en sem nemur þriðjungi (33%) af heildarfjárhæð sjóðsins...“*

Fundarstjóri úrskurðaði að þetta gæti ekki verið breytingatillaga heldur hefði þurft að koma ný tillaga fyrir lögboðin frest skv. lögum.

Til máls tóku: Hilmar Bergmann Mosfellsbæjardeild, Árni Gunnarsson Reykjavíkurdeild, Hermann Guðmundsson Reykjavíkurdeild, Ívar Kristinsson Kópavogsdeild, Sævör Þorvarðardóttir Grundarfjarðardeild, Ragnar Þorvarðarson Reykjavíkurdeild, David Lynch Kópavogsdeild og Valgerður Fjölnisdóttir Hafnarfjarðar- og Garðabæjardeild. **Tillaga stjórnar telst ekki samþykkt, 61 sögðu já – 34 sögðu nei (35,8%).**

- Breytingar á 21. gr.

1. Breyting á 3. lið (c)

„...Deildarstjórn getur ráðið sér launaða aðstoð, deildarstjóra, **forstöðumann** eða aðra starfsmenn...“

Til máls tók Anna Stefánsdóttir Kópavogsdeild. **Samþykkt með miklum meirihluta atkvæða.**

Tillögur laganefndar að breytingum á lögum Rauða krossins:

- 7. gr., tl. 8 verði þannig:

Aðalfundur velur fjögurra manna kjörnefnd til að undirbúa kosningar og **gefa út kjörbréf aðalfundarfulltrúa**. Ábyrgð nefndarinnar, hlutverk o.fl. er nánar ákvarðað í verklagsreglum sem samþykktar eru á aðalfundi. Nefndin ber eingöngu ábyrgð gagnvart aðalfundi.

Til máls tóku Hilmar Bergmann Mosfellsbæjardeild, Geir Jón Þórisson Vestmannaeyjadeild og Þóra Kristín Ásgeirsdóttir Hafnarfjarðar- og Garðabæjardeild. **Tillagan var felld.**

- 7. gr., tl. 12 skiptist í tvo töluliði

Töluliður 12 verði þannig:

Til að breyta 16.-26. gr. laga þessara þarf einfaldan meirihluta atkvæða **þeirra fundarmanna sem afstöðu taka**. Til að breyta öðrum greinum þarf tvo þriðju hluta **greiddra** atkvæða auk þess sem a.m.k. helmingur fulltrúa á aðalfundi skal taka þátt í atkvæðagreiðslunni **til að hún teljist gild**. Samþykktir og kosningar aðalfundar taka gildi við lok fundar nema hann ákveði annað.

Umræðum um þessa tillögu og sömu tillögu frá stjórn er skráð undir tillögu frá stjórn. **Kom ekki til afgreiðslu vegna kosninga tillögu stjórnar um sama lið.**

- 7. gr. töluliður 14, **nýr liður**:

Í fundargerð aðalfundar skal færa stuttar lýsingar á dagskrárliðum, ákvarðanir fundarins og úrslit kosninga. Ummæli einstakra fundarmanna eða innihald umræðna skal ekki færa í fundargerð. Formaður og fundarstjóri skrifa undir fundargerðina sem öðlast þannig gildi. Fundargerð skal send út til deilda félagsins ekki síðar en viku eftir aðalfund.

Kom ekki til afgreiðslu vegna tillögu stjórnar um sama lið.

• **21. gr., tl. 2 verði þannig:**

Á aðalfundi skal kjósa formann sérstaklega. Deildarstjórn velur varaformann, ritara og gjaldkera. Formaður, varaformaður og skoðunarmaður geta ekki jafnframt gegnt stöðu gjaldkera. Gjaldkeri má ekki vera maki eða tengdur formanni, varaformanni eða skoðunarmanni nánnum böndum.

Til umræðu tók Geir Jón Þórisson Vestmannaeyjadeild. **Tillagan felld samhljóða**

12. Innsendar tillögur

Tillaga að lagabreytingu á aðalfundi Rauða krossins á Íslandi, 21. maí 2016, frá ungmennaráði Rauða krossins á Íslandi. Guðný Þóra Guðrúnardóttir, stjórnarmaður Ungmennaráðs, skýrði tillöguna.

Í 26. gr. 5. lið laga Rauða krossins á Íslandi falli eftirfarandi setningarnar út:
„Viðkomandi deildir bera allan kostnað af þátttöku fulltrúa sinna á ungmennafingum.“

Hilmar Bergmann Mosfellsbæjardeild lagði til frávísun á þessari tillögu – frávísunartillaga Mosfellsbæjardeildar var felld samhljóða.

Til umræðu tóku: Hilmar Bergmann Mosfellsbæjardeild, Geir Jón Þórisson Vestmannaeyjadeild og Valgerður Fjölfnisdóttir Hafnarfjarðar- og Garðabæjardeild.

Tillaga ungmennaráðs var samþykkt.

9. Tillaga stjórnar um skiptingu tekna milli verkefna og deilda næstu tvö ár sbr. 12. gr., 1. og 2. mgr.

Sveinn Kristinsson formaður kynnti:

- Framlag til deilda af tekjum Íslandsspila verður áfram 37% en skiptist á eftirfarandi hátt:
 - Grunnframlag: 3%
 - Íbúafjöldi á starfsvæði deilda: 15%
 - Verkefnasjóður: 19%

Til umræðu tók Árni Gunnarsson Reykjavíkurdeild. **Tillagan var felld með miklum meirihluta.**

Tillaga Kópavogsdeildar um verklagsreglur kjörnefndar Rauða krossins á Íslandi: Ívar Kristinsson kynnti.

Deildin dró tillöguna til baka og bað stjórn að vinna hana áfram.

Til umræðu tóku Hilmar Bergmann Mosfellsbæjardeild og Helga Bára Bragadóttir Reykjavíkurdeild.

Kosning stjórnar, Anna Stefánsdóttir kynnti:

13. Kosning varaformanns til fjögurra ára. Ragna Árnadóttir hlaut kosningu.

14. Kosning fjögurra stjórnarmanna til fjögurra ára. Kjörnefnd lagði til: Gísli Friðriksson, Helgi Ívarsson, Oddrún Kristjánsdóttir og Þóra Björk Nikulásdóttir. Sveinn Þorsteinsson gaf einnig kost á sér. Gengið var til kosninga.

Til umræðu tók Þóra Kristín Ásgeirsdóttir Hafnarfjarðar- og Garðabæjardeild. Úrslit kosninga urðu sem hér segir: 89 atkvæði voru greidd og kosning fór þannig: **Gísli 57, Þóra Björk 85, Sveinn 73, Helgi 71 og Oddrún 70.** Gísli datt því úr stjórn.

15. Kosning tveggja varamanna til tveggja ára. Ívar Kristinsson hlaut kosningu sem fyrsti varamaður til tveggja ára og Ragnar Þorvarðarson sem annar varamaður til tveggja ára.

16. Kosning tveggja skoðunarmanna til tveggja ára. Gunnlaugur Dan Ólafsson og Sigrún Camilla Halldórsdóttir hlutu kosningu.

17. Kosning tveggja aðalmanna og tveggja varamanna í kjörnefnd.

Þessi dagskrárliður færðist aftur fyrir 20. lið þar sem úrslit kosninga í lið 14 gætu breytt upphaflegu tillögnum.

18. Kosning siðanefndar.

Hörður Högnason, Magnús Árni Magnússon og Vilborg Snævarr hlutu kosningu.

19. Kosning laganefndar. Ómar Kristmundsson, Gunnar Frímannsson og Margrét María Sigurðardóttir hlutu kosningu.

20. Kynning á úttekt á heimsóknavinaverkefninu. Guðný H. Björnsdóttir, sviðsstjóri deildasviðs.

17. Kosning tveggja aðalmanna og tveggja varamanna í kjörnefnd.

Anna Stefánsdóttir, Helga Gísladóttir halda áfram í nefndinni. Til fjögurra ára hlutu kosningu: Sigurður Ólafsson og Alda Vilhjálmsdóttir. Til vara Jón Guðmund Knutsen og Ragnhildur Rós Indriðadóttir. Sveinn Kristinsson formaður lagði til að Anna Stefánsdóttir yrði formaður kjörnefndar.

21. Tilkynning stjórnar um sjálfboðaliðaping 6. maí 2017 og næsta aðalfund félagsins. Sveinn Kristinsson formaður kynnti:

Sjálfboðaping verði haldið 6. maí 2017 og næsti aðalfundur í maí 2018. Nánari dagsetning síðar.

22. Önnur mál.

Ragnar Þorvarðarson Reykjavíkurdeild bar upp tillögu að ályktun Rauða krossins á Íslandi:

21. maí 2016

Ályktun aðalfundar Rauða krossins á Íslandi gegn fordómum og mismunum:

Byggjum betra samfélag, nýtum kosti fjölbreytileikans og tökumst á við áskoranirnar sem honum fylgja.

Aðalfundur Rauða krossins á Íslandi ályktar um mikilvægi þess að sporna gegn fordómum og mismunun í íslensku samfélagi. Mikilvægt er að nýta kosti fjölbreytileikans og á sama tíma takast á við áskoranir sem honum fylgja.

Rauði krossinn hvetur stjórnvöld og landsmenn alla til að stuðla að friðsamlegri og vinsamlegri sambúð allra íbúa landsins sem grundvallast á sterkri lýðræðishefð, samfélagsþátttöku og mannréttindum.

Það er samfélaginu til hagsbóta að allir búi við jöfn tækifæri til áhrifa, samræðu og þátttöku. Þannig njótum við öll þess félagsauðs sem verður til í fjölbreyttu samfélagi.

Á sama tíma leggjum við, sjálfboðaliðar og starfsfólk Rauða krossins, áherslu á að:

- Allir geti tekið þátt í starfi Rauða krossins á jafnréttisgrundvelli.
- Bera jafna virðingu fyrir öllum óháð uppruna eða lífsskoðunum.
- Vinna í þágu berskjaldaðra með grundvallarhugsjónir okkar um mannúð, hlutleysi og óhlutdrægni að leiðarljósi.
- Berjast gegn fordómum, mismunun og hatursorðræðu sem beinist að fólki vegna þjóðernis, menningar, trúar eða skoðana.

Ályktunin var samþykkt með lófaklappi.

Fundi slitið kl. 17:02